



Þátttakendur í degi um fórnarlömb umferðarslysa

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 29. október 2021
Tilv.: SRN21050071/3.14.0

Kæru þátttakendur,

sunnudaginn 21. nóvember 2021, verður haldinn hátíðlegur hér á landi alþjóðlegur minningardagur Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa. Daginn sem jafnan er haldinn þriðja sunnudag í nóvember notum við til að minnast þeirra sem látist hafa í umferðinni, leiða hugann að ábyrgð hvers og eins í umferðinni, en ekki hvað síst til að þakka þeim viðbragðsaðilum sem veita hjálp og björgun. Nærri lætur að 4.000 einstaklingar láti lífið og hundruð þúsunda slasast daglega í umferðinni í heiminum.

Í fyrra var minningardagurinn sniðinn að sérstökum aðstæðum í samfélaginu. Meðal annars var ekki haldin minningarstund við þyrlupallinn við Landspítalann í Fossvogi. Þess í stað var árvekníatak í samfélaginu. Í ár munum við halda minningardaginn hátíðlegan með minningarstund í Fossvoginum. Árvekníatakið í fyrra tókst ákaflega vel. Við munum því endurtaka það dagana 19.-21. nóvember 2021. Minningarviðburðir verða um land allt og fjallað um mikilvæg málefni tengd umferðaröryggi í fjölmiðlum, myndböndum og umræðum á samfélagsmiðlum.

Eins og í fyrra verður einkennislag dagsins lag Kristjáns Kristjánssonar, KK, *When I think of angels*, í flutningi hans og systur hans Ellenar Kristjánsdóttur. Lagið var samið til minningar um systur þeirra sem lést í umferðarslysi í Bandaríkjunum árið 1992. Lagið verður flutt samtímis á öllum útvarpsstöðvum á minningardaginn sjálfan kl. 14:00.

Að þessu sinni verður dagurinn helgaður notkun bílbelta. Viðtöl verða í fjölmiðlum í tengslum við þennan mikilvæga þátt umferðaröryggis.


Á minningardaginn sjálfan munu félagar í Slysavarnarfélaginu landsbjörgu, ásamt fleiri viðbragðsaðilum, standa fyrir táknrænum minningarathöfnum um allt land í beinni vefútsendingu til að minnast fórnarlamba umferðarslysa. Kveikt verður á kertum hringinn í kringum landið af þessu tilefni.

Einn stærsti og mikilvægasti þátturinn á minningardeginum er að færa starfsstéttum, sem annast björgun og aðhlyningu þegar umferðarslys verður, þakkir fyrir mikilvægt og óeigingjarnt starf.

Við þökkum ykkur kærlega fyrir framlag ykkar og þátttöku í minningardegi undanfarinna ára. Við vitum að þið munið hér eftir sem hingað til gera allt sem í ykkar valdi stendur til að minnast þeirra sem látist hafa í umferðarslysum.

Ég óska okkur öllum góðs gengis við að auka öryggi í umferðinni.

Með kærri kveðju

A handwritten signature in blue ink, reading "Sigurður Ingi Jóhannsson". The signature is fluid and cursive, with the first name "Sigurður" and the last name "Jóhannsson" clearly legible.

Sigurður Ingi Jóhannsson
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra